

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *43. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 25. september 2008, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Deiliskipulag í Bjarnarflagi, Albert Guðmundsson og Árni Ólafsson mæta til fundarins.
3. Fjárhagsáætlun HNE fyrir 2009.
4. Drög að erindisbréfi fyrir Skólanefnd.
5. Fundargerð Bygginganefndar frá 24. sept.

### Til kynningar:

Fundargerð HNE dags. 10. september.

Mættir: Böðvar Pétursson, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Dagbjört Bjarnadóttir.

1. **Fundarsetning.**  
Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 5, yrði bætt á dagskrána.  
Samþykkt samljóða.
2. **Deiliskipulag í Bjarnarflagi, Albert Guðmundsson og Árni Ólafsson mæta til fundarins.**

Albert Guðmundsson sagði frá því að Landsvirkjun væri að hefja vinnu við gerð deiliskipulags í Bjarnarflagi vegna fyrirhugaðrar byggingar 90 MW virkjunar og til þess hefði verið ráðinn Árni Ólafsson hjá Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og féll. Því næst fór Árni yfir frumdrög að deiliskipulagi þar sem fram kemur að fyrirhugaðar byggingar þ.e. stöðvarhús og kæliturnar muni rísa í dalkvos sunnan þjóðveggar. Ýmislegt rætt m.a. staðsetning móttökuhúss og aðkoma að virkjuninni annars vegar fyrir starfsmenn og hins vegar fyrir gesti, göngustígar reiðleiðir ofl. Innan fárra vikna verður lögð fram tillaga að deiliskipulagi og verður málið þá rætt nánar.

**3. Fjárhagsáætlun HNE fyrir 2009.**

Með bréfi dags. 12. september óskar Valdimar Brynjólfsson framkvæmdastj. Heilbrigðiseftirlits NE eftir afgreiðslu sveitarstjórnar Skútustaðahrepps á fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2009. Í bréfinu kemur jafnframt fram að kostnaðarskipting á milli sveitarfélaganna er í vinnslu. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps gerir ekki athugasemdir við fjárhagsáætlunina á þessu stigi en getur ekki afgreitt hana fyrr en kostnaðarskipting á milli sveitarfélaganna liggur fyrir.

**4. Drög að erindisbréfi fyrir Skólanefnd.**

Frestað.

**5. Fundargerð Bygginganefndar frá 24. sept.**

Liður 4, þar sem óskað er eftir leyfi fyrir viðbyggingu við fjárhús í Baldursheimi 1, liður 5, þar sem óskað er eftir leyfi fyrir stækkun á veitingasal Sel hótels Mývatns og liður 8, þar sem óskað er eftir að breyta opnanlegum gluggafögum á Helluhrauni 2, eiga við um Skútustaðahrepp. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu Byggingarnefndar en bendir á að í lið 4 er átt við Baldursheim 2.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Böðvar Pétursson,

Ingunn Guðbjörnsdóttir,

Kristján Stefánsson,

Steinunn Ósk Stefánsdóttir,

Dagbjört Bjarnadóttir.